



FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Okt. 2004 - 26. árgangur. - 13. tölublað

EFNI BRÉFSINS

Ásetningshlutfall ...
Bls. 1

Óbreytt efnainnihald...
Bls. 1

Fóðrun og uppeldi ..Námskeið
Bls. 1

Fryst hrútasæði flutt...
Bls. 1

Niðurstöður heysýna 2004
Bls. 2

Brennisteinsvetni er banvænt!
Bls. 2

Tilraunastarfið á Stóra-Ármóti
Bls. 3

Námskeið í dkBúbót
Bls. 4

Pantanir á einstaklingsmerkjum
Bls. 4

Fóðrun og uppeldi kálfa og kvígna - Námskeið -

Búnaðarsamband Suðurlands, í samstarfi við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, heldur námskeið í fóðrun og uppeldi kálfa og kvígna í fundarsal MBF, **fimmtudaginn 14. október n.k. kl. 13.30**. Framsöguerindi heldur Grétar Hrafn Harðarson. Þátttaka tilkynnist í síma 480 1800 fyrir miðvikudaginn 13. október.

Óbreytt efnainnihald grundvallarmjólkur

Efnainnihald grundvallarmjólkur fyrir verðlagsárið 2004/2005 hefur verið reiknað út hjá SAM. Samkvæmt útreikningunum verður samsetning grundvallarmjólkur fyrir verðlagsárið eftirfarandi: Fita = 3,97% og Prótein = 3,33%. Þetta er óbreytt efnainnihald milli verðlagsára.

Útreikningurinn hefur enn ekki verið tekinn fyrir hjá verðlagsnefnd en ef þetta verður samþykkt þá þýðir þetta að frá og með 1. september 2004 verður verð á hverri fitueiningu 2,6895 kr og verð á hverja próteineiningu 9,6194 kr eins og verið hefur.

Útreikningur á verði til framleiðenda verður því áfram eftirfarandi:
 $(2,6895 * F\%) + (9,6194 * P\%) = \text{kr. á lítra mjólk og þar með } (2,6895 * \text{fitueiningar í mánuðinum}) + (9,6194 * \text{próteineiningar í mánuðinum}) = \text{Samtals greitt fyrir mjólk innlagða í mánuðinum.}$

Ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2005

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutnings-skyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að hámarki 0,64 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2005 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárefirtirlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2005.

Auglýsing þessa efnis hefur þegar öðlast gildi.

Fryst hrútasæði flutt til Bandaríkjanna

Í september sendi Sauðfjársæðingastöð Suðurlands djúpfryst hrútasæði til Bandaríkjanna sjöunda árið í röð. Að þessu sinni voru sendir um 290 skammtar úr flestum þeim hrútum sem voru á Sauðfjársæðingastöðinni s.l. vetur. Sæðið er fryst þannig að hægt er að sæða með því um skeið (vaginal AI) þannig að sauðfjarræktendur vestra geta séð um sæðinguna sjálfir. S.l. haust kom einmitt hópur frá BNA hingað til lands og lærði meðhöndlun djúpfrysts sæðis og sæðingar af Þorsteini Ólafssyni dýralækni.

Að þessu sinni er kaupendur fleiri en áður eða 9 talsins. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að sæðing er mun einfaldari en áður auk vaxandi áhuga ytra.

Guðmundur Jóhannesson

Ritstjórn:

Jóhannes Hr. Simonarson,
Runólfur Sigursveinsson,
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:

Sveinn Sigurmundsson
Sími 480 1800 - Fax 480 1818
Netfang: bssl@bssl.is
Vefslóð: <http://www.bssl.is>
ISSN 1605-7546

Prentun:
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Niðurstöður heysýna 2004

Orkugildi gott en steinefnatölur lágur

Alls hafa borist niðurstöður úr 565 heysýnum (hirðingarsýnum) af Suðurlandi þegar þetta er skrifað. Flest sýnin eru úr 1.slætti og meirihlutinn tekinn í júnímánuði. Niðurstöður bera það með sér að orkugildi er mjög gott í flestum tilvikum en líkt og í fyrra þá er greinlegt fall í orkugildi um og upp úr 20. júní þó breytileiki sé allverulegur milli bæja og svæða. Próteingildi eru nokkuð frábrugðin frá fyrra ári en nokkuð sambærileg við árið 2002. Niðurstöður má sjá í töflu 1. Þar eru einnig gefnar meðaltalstölur frá árunum 2003 og 2002. Þess skal getið að sýnin frá árunum 2003 og 2002 eru bæði úr 1.og 2.slætti en án grænfóðurs en sýnin frá 2004 eru nær eingöngu 1.sláttur. Þurrefni er heldur lægra en fyrri ár.

Athyglivert er að skoða steinefnatölur frá liðnu sumri í heysýnunum og bera þær tölur saman við árið á undan og árið 2002. Allar tölur eru miðaðar við grömm í kílóí þurrefnis (g/kg þe.).

Tafla 1. Fjöldi sýna, þurrefni, orka og prótein

	2004	2003	2002
Fjöldi sýna	565	567	826
Þurrefni %	56	57	58
Orkugildi (Fem/kg þe.)	0,82	0,79	0,82
Heildarprótein, g/kg þe.	163	153	174
AAT, g/kg þe.	73	72	75
PBV, g/kg þe.	37	28	44

Tafla 2. Steinefnatölur í heysýnum

	2004	2003	2002
Kalsíum (Ca) g/kg þe.	3,2	3,3	3,5
Fosfór (P) g/kg þe.	3,1	3,2	3,5
Magnesíum (Mg) g/kg þe.	1,9	2,0	2,3
Kalí (K) g/kg þe.	18	19	21
Natríum (Na) g/kg þe.	0,9	1,0	1,1

Parna kemur fram verulegur munur á tölugildum milli ára. Tölur eru lægri eftir sumarið í ár en í fyrra og enn lægri en árið 2002 en þá voru steinefnatölur óvanalega háar. Steinefnatölurnar frá árinu ár bera það með sér að víða þurfa bændur að gefa sérstakar steinefnablöndur með þessum heyjum ekki síst ef bygg er notað í verulegum mæli við fóðrunina en það er með afbrigðum kalsíum- og magnesíumsnautt.

Runólfur Sigursveinsson

Brennisteinsvetni er banvænt!

Árlega heyrum við fréttir af slysum þar sem gripir hafa drepist og fólk hætt komið vegna brennisteinsvetnis. Skemmt er að minnast Oddgeirshólaslyssins í sumar þegar 12 ára drengur bjargaði lífi systur sinnar en hún var hætt komin. Tveir nautgripir drápu.

Brennisteinsvetni (H₂S) er litlaus og mjög eitruð lofttegund sem losnar ásamt öðrum lofttegundum þegar hrært er upp í haughúsum. Brennisteinsvetni er lúmskt hættuleg fyrir þá sök að hún er þyngri en andrúmsloftið við venjulegan útihita og situr því í lægðum og niðri við gólfið í lygnu veðri. Hættan er meiri ef haughúsin eru full þegar verið er að hræra upp í þeim þar sem þá eru meiri líkur á að mengunin komist upp í gegnum fjósgólfið. Liggjandi nautgripir og börn eru því í meiri hættu en aðrir af þeim sökum.

Bændur flestir hverjir vita vel af þessari hættu og gera ráðstafanir sem þeir frekast geta. Algengast er að opna allar dyr og glugga og setja vífturnar á fullt. **Í kyrru veðri er þetta þó engan veginn fullnægjandi og er aðeins til þess fallið að vekja falskt öryggi.** Undirþrýstingskerfi eins og víðast er í fjósum byggir á því að inntaksop fjósanna séu hæfilega stór á móti útblástursviftunum. Séu þau of stór eins og þau augljóslega verða þegar allt er opnað upp á gátt, spóla vífturnar bara í „tömu“ lofti og gera því lítið gagn. Vífturnar einar og sér geta því alls ekki skapað þá hreyfingu á loftinu sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir að brennisteinsvetni safnist fyrir niður við gólfið.

Rafræn mælitæki sem segja til um magn brennisteinsvetnis eru til en þau eru mjög dýr og þurfa mjög reglulegt viðhald og þjónustu. Sé því ekki sinnt eru þau verri en ekki þar sem fólk á það til að treysta á slíkan tækjabúnað sem gefur þá röng skilaboð.

Einu öruggu ráðin eru:

- Hafid engu gripi inni í fjósinu meðan hrært er upp
- Gætið þess að enginn maður eða dýr komist inn í fjós meðan verið er að hræra upp

Sé ekki hægt að uppfylla fyrrgreind skilyrði er næstbest að:

- Opna allar dyr og glugga upp á gátt og setja víftur á fullan styrk
- Hrærið alls ekki upp í kyrru veðri - **aldrei!**
- Þéttið vel öll op á mykjudjallaranum til þess að loft komist ekki þar inn og valdi trekk upp um gólf gripahússins - líka í kringum mykjudæluna (barkann).
- Hrærið upp með því að láta blöndunarstúttinn á mykjudælunni vera undir yfirborði mykjunnar svo lengi sem hægt er.
- Gætið sérstaklega að þegar tekin er í notkun ný og öflug mykjudæla, meira gas myndast eftir því sem hrært er af meiri krafti.

Ef gripir eru inni í húsi meðan hrært er upp er nauðsynlegt að geta fylgst með þeim í gegnum glugga. Ef vart verður við óvenjulega hegðan þeirra verður að stöðva dæluna þegar í stað, en menn mega **alls ekki** fara inn í gripahúsið fyrr en þeir eru vissir um að húsið hefur verið nægilega vel loftræst. **Að öðrum kosti geta menn sett sig í bráða lífshættu.** Börn mega alls ekki vera að leik inni í gripahúsinu eða nálægt tæmingaropinum meðan unnið er við losun mykjudjallarans.

Bændur, - sýnið ítrustu varkárni þegar hrært er upp í haughúsum

Jóhannes Hr. Símonarson

Tilraunastarfið á Stóra-Ármóti

Helstu rannsóknaverkefni



Áhrif fóðrunar í geldstöðu og byrjun mjaltaskeiðs á afurðir, heilsufar og frjósemi:

Í þessu verkefni, sem er aðalverkefni árána 2002-2004, er rannsakað hvaða áhrif mismikil kjarnfóðurgjöf í geldstöðu og mismunandi stígandi í kjarnfóðurgjöf í byrjun mjaltaskeiðs hefur á afurðir, heilsufar og frjósemi mjólkurkúa. Áhrif meðferða, sem eru fjórar, eru greind með því að fylgjast með holdafari, líkamsþyngd, áti, nyt, efnasam-

setningu mjólkur, blóðefnum, ástandi lifrar með lífsýnum og frjósemi. Framkvæmd tilraunar er nú lokið og nú unnið að uppsetningu gagna til uppgjör.

Snefilefni í jarðvegi, fóðri og búfé:

Verkefnið skiptist í þrjá hluta: I. Snefilefni í fóðri, II. Snefilefni í jarðvegi og blóði búfjár, III. Leiðir til að mæta snefilefnabörfum búfjár.

Unnið er að fyrsta hluta verkefnisins. Valin hafa verið 200 heysýni víðsvegar af landinu og eru þau í efnagreiningu hjá Efangreiningu á Keldnaholti. Áætlað er að niðurstöður liggi fyrir um miðjan október. Átta efni verða greind í fóðri - Fe, Mn, Zn, Cu, S, Se, Mo og I.

Selenáburður á tún - áhrif á virkni GPX í blóði sauðfjár:

Sett var upp einföld samanburðarathugun á áhrifum selenáburðar á Se-innihald heyja og Se-stöðu sauðfjár. Tekin voru 3 x 12 sýni úr ánum og þau greind á Tilraunastöðinni á Keldum. Mælt er virkni ensímsins GPX í blóðinu sem er óbein mæling á selen styrk í blóði. Í stuttu máli jókst virkni GPX í þeim kindum sem fengu hey af túni sem hafði fengið Se bættan áburð en í kontról hópnnum minnkaði virkni GPX eins og sjá má á töflu 1.

Tafla 1. Áhrif Selenáburðar á virkni GPX í blóði sauðfjár

	28.10.03	22.01.04	13.04.04
Ær sem fengu hey með Se-bættum áburði:			
Meðaltal:	224	457,5	675
Ær sem ekki fengu hey með Se-bættum áburði:			
Meðaltal:	285	233,5	135

Niðurstöður um Se-innihald heyjanna liggja ekki enn fyrir. Þegar þær liggja fyrir verður gerð frekari grein fyrir niðurstöðum verkefnisins.

Smitleiðir hníslasóttar í sauðfé.

Markmið verkefnisins er að greina hve lengi hníslar lifa á landi og hvort ærnar eru mikilvægir smitberar fyrir lömbin. 48 ær voru notaðar í verkefnið og var helmingur þeirra meðhöndlaður með hníslasóttarlyfi fyrir burð. Ærnar ásamt lömbum voru ýmist settar á hreint land, vorbeitt land og haustbeitt land. Saurýni voru tekin þrisvar sinnum úr fénu á tilraunatímabilinu. Unnið er að uppgjöri niðurstaðna.

Heilfóðrun til hámarksafurða. Áhrif á afurðir og heilsufar.

Verkefnið er sjálfstætt framhald tilraunarinnar, „Fóðrun til hámarksafurða. Áhrif fóðrunar í geldstöðu og byrjun mjaltaskeiðs á afurðir, heilsufar og frjósemi“ sem hefur verið aðalverkefnið á Stóra-Ármóti veturna 2002-2003 og 2003-2004 og verkefnisins „Fóðurmatskerfi fyrir mjólkurkúr byggt á hermílkönnum af meltingu og efnaskiptum“, samnorræns verkefnis, sem gengið hefur undir vinnuheitinu „Karólína“.

Heilfóðrun mjólkurkúa er mjög almenn í helstu mjólkur-framleiðslulöndum heims. Enn sem komið er hefur þessi tækni vart náð fótfestu hérlendis enda þótt tækjabúnaður hafi verið keyptur á nokkur bú.

Tvö bú á Suðurlandi, Þorvaldseyri og Stóra Hildisey II, hafa gefið heilfóður undanfarið ár með góðum árangri. Ætlunin er í þessu verkefni að efla tengslin við þessi bú og ná þannig fram markvissu og gagnvirku starfi milli tilraunastarfsins og bænda.

Aðalmarkmið verkefnisins er að þróa heilfóðrun við íslenskar aðstæður og nota til þess nýjustu tækni í fóðurmáti sem er Karólína. Verið er að leggja lokahönd á uppsetningu heilfóðurbúnaðar á Stóra-Ármóti og er áætlað að hefja notkun hans nú í byrjun október.

*Grétar Hrafn Hardarson
tilraunastjóri*

Námskeið í dkBúbót á Suðurlandi í haust

Bændasamtök Íslands, í samstarfi við búnaðarsamböndin og Upplýsingatækni í dreifbýli, bjóða notendum dkBúbótar upp á tveggja daga námskeið í bókhaldi og notkun dkBúbótar, auk lykilhátta rafrænna samskipta og upplýsingaöflunar.

Námskeiðin verða haldin á eftirtöldum stöðum á Suðurlandi:

Dagssetning	Staður	Tími
18. og 19. október	Heimaland - V-Eyjafjöllum	kl. 10-17
20. og 21. október	Búnaðarmiðstöð Suðurlands	kl. 10-17 (fullbókað)
25. og 26. október	Búnaðarmiðstöð Suðurlands	kl. 10-17 (aukanámskeið)
25. og 26. nóvember	Hótel Kirkjubæjarklaustur	kl. 10-17

Á námskeiðinu munu þátttakendur vinna á **eigin tölvur** og að mestu leyti við sitt **eigið bókhald** og er námskeiðinu ætlað að koma til móts við þarfir þeirra sem telja sig þurfa meira en grunnnámskeið í fyrirlestraformi til þess að ná nægri færni í notkun á dkBúbót. Leiðbeinendur á námskeiðunum verða Sigurður Eiríksson, Unnsteinn Eggertsson og Baldur Óli Sigurðsson.

Markmið námskeiðsins eru að þátttakendur öðlist færni í eftirtöldum þáttum:

- að meðhöndla fylgiskjöl bókhaldsins á fullnægjandi hátt.
- að skrá, villuleita og uppfæra dagbókarfærslur.
- að skrá kaup og sölu á fastafjármunum á fullnægjandi hátt í bókhaldinu.
- að gera virðisaukaskattsuppgjör.
- að stemma af bókhaldsreikninga og finna og leiðrétta villur í bókhaldinu.
- að taka afrit af bókhaldinu.
- að færa stöður á efnahagslyklum milli bókhaldsára.
- að prenta út helstu skýrslur, s.s. hreyfingalista, rekstarreikning og fleira.
- að senda upplýsingar úr bókhaldi til Hagþjónustu landbúnaðarins.
- að senda tölvupóst og hengja við hann skrár eða skjöl.
- að nálgast aðstoð og leiðbeiningar á netinu.
- að uppfæra vírusvarnir tölvubúnaðar.

Auk þess verður uppsetning bókhalds þátttakenda skoðuð og gengið úr skugga um að stofnupplýsingar séu réttar og að upphafsstöður bókhaldsársins séu í samræmi við síðasta skattframtal.

Samhliða vinnu við eigið bókhald verður einnig farið yfir uppsetningu hvernar vélar fyrir sig, vírusvarnir, prentarastillingar, uppsetningu forrita BÍ og pósthforrita.

Námskeiðsgjald er 6.000 kr. per. þátttakanda og verður þátttakendum sendur reikningur fljótlega eftir námskeiðin. Þátttakendur greiða sjálfir fyrir mat og kaffi á námskeiðsstað.

Skráning á námskeiðin fer fram hjá Búnaðarmiðstöð Suðurlands í síma 480-1800 og á vefsíðu Búnaðarsamband Suðurlands www.bssl.is. Nánari upplýsingar veitir Sigurður Eiríksson, ráðunautur BÍ, í síma 563 0300 eða tölvupóstfangi sei@bondi.is



Pantanir á einstaklingsmerkjum

Margir kúabændur hafa hringt síðustu daga og spurt út í pantanir á einstaklingsmerkjum enda fer nú í hönd sá tími er flestir kálfar fæðast. Því er til að svara að við mælum með því að menn fái sér aðgang að www.bufe.is þar sem hægt er að panta beint á netinu. Aðgang að www.bufe.is fá menn með því að senda póst á mark@bondi.is með upplýsingum um nafn, kennitölu, búsnúmer og bæjarheiti. Viðkomandi er síðan sendur veflykill í pósti sem er notaður til að nýskrá sig inn í kerfið. Annar kostur, þá aðallega fyrir þá sem ekki hafa netaðgengi, er sá að hringja í Bændasamtökin eða Búnaðarsambandið sem sjá þá um pöntun fyrir viðkomandi. Frekari upplýsingar um einstaklingsmerkingar nautgripa er að finna í Nautaskrá 2003 eða Handbók bænda 2004 á bls. 92-93.

Guðmundur Jóhannesson